



Alþingi – nefndarsvið  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2023

## **Efni: Umsögn HMS um þingsályktun um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri – 327. mál**

Húsnæðis og mannvirkjastofnun (HMS) fagnar framkominni þingsályktunartillögu en með staðsetningu björgunarþyrlu á Akureyri væri stigið stórt framfaraskref í neyðar- og björgunarþjónustu í landinu. Eitt af verkefnum HMS er að samræma brunavarnir á landinu og stuðla að samstarfi þeirra sem starfa að brunavörnum sbr. 6. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Í skýrslu HMS frá 2021 um stöðu slökkviliða í landinu kemur fram að ekki uppfylla öll slökkvilið þær lögbundnu skyldur sem lagðar eru á þau. Með staðsetningu björgunarþyrlu á Akureyri mætti leitast við að efla og styrkja slökkvilið sveitarfélaga í fámennari byggðum á Norður- og Austurlandi sem mörg sinna stórum landsvæðum með vinsælum ferðamannastöðum og mikilvægum innviðum sem gera miklar kröfur til viðbragðsgetu. Með stærra þjónustusvæði björgunarþyrlu mætti styðja við að slökkviliðin séu vel þjálfuð og útbúin til fyrstu aðgerða og auka möguleika á sérhæfðri aðstoð innan ásættanlegra tímamarka.

Sú menntun og þjálfun sem liggur til grundvallar lögbundnum kröfum til slökkviliða í landinu er mikil og fjölbreytileiki og sérhæfing í verkþáttum þannig að nær ómögulegt er að ætlast til af útkallslíðum, sem mörg eru mönnum einstaklingum sem sinna því sem aukastarfi, að geta unnið öll verkefni til lykta. Að mati HMS er mikilvægt er að nýta það tækifæri sem myndi skapast með flutningi einnar þyrlusveitar til Akureyrar til aukins samstarfs milli viðbragðsaðila, ekki aðeins á því svæði heldur koma á landsdekkandi sérhæfðu björgunar- og neyðarviðbragði á sjó og landi.

HMS telur að með flutningnum skapist verðmætt tækifæri til þverfaglegs samstarf milli viðbragðsaðila í landinu sem gæti styrkt þessa mikilvægu innviði til muna. Samhliða því vill HMS benda á mikilvægi þess að formfesta betur samstarf milli Landhelgisgæslunnar og slökkviliða með það að markmiði að tryggja eins og best verður á kosið að sá búnaður og sérhæfing þeirra aðila sem koma að björgun og neyðarviðbragði endurspegli þau verkefni sem upp koma. Staðsetning þyrlu á Norðurlandi myndi bjóða upp á betri möguleika á að byggja upp þekkingu og þjálfun hjá sérstökum útkallsteymum slökkviliða til að sinna slökkvistarfi á sjó. Þannig mætti byggja upp viðbragðshópa, sem væru staðsettir á tveimur stöðum á landinu til þess að bregðast við þegar senda þarf slökkviliðsmenn um borð í brennandi skip.

HMS styður því samþykkt þingsályktunartillögunnar.



Virðingarfyllst,  
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

A handwritten signature in blue ink that reads 'Rún Knútsdóttir'.

---

Rún Knútsdóttir, yfirlögfræðingur